

**Sp.**

**484. Tillaga til þingsályktunar**

**[134. mál]**

um friðun rjúpu.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að alfriða rjúpu fyrir skotum um næstu 5 ár frá fyrsta sumardegri n. k.

**Greinargerð.**

Undanfarin ár hefur rjúpum fækkað raunalega mikið í landi voru. Er það í sjálfu sér ekki svo undarlegt, þegar þess er gætt, hve gífurleg ásækni hefur verið í að drepa þennan merkilega nytjafugl. Flutningsmenn þessarar tillögu telja miklu varða að koma í veg fyrir, að rjúpunni verði útrýmt, og því leggja þeir til, að hún verði alfriðuð um 5 ára skeið til að byrja með.